

” Samfélagsleg viðfangsefni taka stöðugt breytingum og þar af leiðandi hafa oft verið gerðar breytingar á Norrænu ráðherranefndinni frá stofnun hennar árið 1971. Í yfirlýsingu um framtíðarsýn norrænnar samvinnu, sem samstarfsráðherrarnir sendu frá sér í febrúar 2014, er bent á mikilvægi þess að norrænt samstarf sé í stöðugri endurnýjun þannig að tryggja megi að það verði áfram og um ókomna tíð öflugt tæki norrænu ríkisstjórnanna þegar tekist er á við pólitísk viðfangsefni.

Skrifstofan hefur unnið víðtækt greiningarstarf og í framhaldi af því kynnti Dagfinn Høybråten framkvæmdastjóri skýrsluna Nyt Norden í apríl 2014. Þar var að finna 39 tillögur sem miða að því að hleypa þrótti og pólitísku innihaldi í samstarf sem styðst við markviss ákvörðunarferli og skilvirka stjórnsýsluhætti.

Við, samstarfsráðherrarnir, fjölluðum um tillögur Nyt Norden-skýrslunnar á fundi okkar á Íslandi 26. júní 2014. Að umræðu lokinni samþykktum við metnaðarfulla umbótaáætlun, en hún á að tryggja að samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar verði áfram öflugt og hentugt verkfæri norrænu ríkisstjórnanna þegar ný pólitísk viðfangsefni krefjast úrlausnar. Framkvæmd áætlunarinnar varðar allar ráðherranefndir og allar stofnanir og krefst þess að við séum samtaka. “


Eygló Harðardóttir, samstarfsráðherra Íslands og formaður norrænu samstarfsráðherranefndarinnar árið 2014

Markmið og framkvæmd umbótaáætlunarinnar

Markmið umbótanna eru að:

- Efla norrænt samstarf á ráðherrastigi og auka þannig pólitískt innihald þess.
- Tryggja að skrifstofan sé skilvirk og styðji við pólitíska samstarfið.
- Skapa nýja norræna fjárhagsáætlun sem verði raunverulegt stjórn- og forgangsroðunartæki.
- Auka norrænt notagildi verkefna og áætlana Norrænu ráðherranefndarinnar.
- Tryggja betri stjórnun norrænna stofnana.

Framundan í nútímavæðingarstarfinu





Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18
DK-1061 København K

www.norden.org



Ný Norðurlönd

Nútímavæðing Norrænu
ráðherranefndarinnar
– stutt kynning

Með umbótaáætluninni leggja samstarfsráðherrarnir grunn undir víðtæka endurnýjun á norrænu samstarfi. Norræna ráðherranefndin hefur þegar ýtt 19 undirverkefnum úr vör.

Ný útgáfa skýrslunnar Nyt Norden kom út í september 2014. Hún hefur að geyma umbótaáætlunina í heild sinni sem og tillögur framkvæmdastjórans.

Skýrsluna er hægt að hala niður héðan:

<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2014-754>



ANP 2014:760
<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2014-760>

© Norræna ráðherranefndin 2014

Prentun: Rosendahls-Schultz Grafisk
Printed in Denmark
Upplag: 100